



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í GOLFI Í FLOKKI KARLA OG KVENNA 35 ÁRA OG ELDRI

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti í golfi í flokki karla og kvenna 35 ára og eldri.

2. gr.

Íslandsmót 35 ára og eldri er hluti Íslandsmótsins í golfi. Þátttakendur í Íslandsmóttinu í golfi eru jafnframt þátttakendur í Íslandsmóti 35 ára og eldri, séu þeir eða verði 35 eða eldri á árinu. Keppnisskilmálar og staðarreglur í Íslandsmóttinu í golfi gilda jafnframt í Íslandsmóti 35 ára og eldri.

2. Kafli

3. gr.

Keppt er í eftirtöldum flokkum (aldur miðast við almanaksár):

Flokkur karla (35 ára og eldri)

Flokkur kvenna (35 ára og eldri)

Leiknar eru 72 holur með niðurskurði eftir 36 holur, samanber reglugerð um Íslandsmótið í golfi.

4. gr.

Ef jafnt er að loknum 72 holum skal leika þriggja holu umspil og síðan bráðabana ef þörf krefur um 1. sæti. Ekki er leikið um önnur sæti.

Komist enginn keppandi í gegnum niðurskurð að loknum 36 holum ráðast úrslit af árangri keppenda eftir 36 holur. Ef jafnt er að loknum 36 holum skal leika þriggja holu umspil og síðan bráðabana ef þörf krefur um 1. sæti. Ekki er leikið um önnur sæti.

Veita skal þrenn verðlaun í hvorum flokki og skal farandgripur fylgja 1. verðlaunum.



5. gr.

Sigurvegarar hljóta titlana Íslandsmeistari í flokki 35 ára og eldri og í flokki með forgjöf, meistari þess flokks.

6. gr.

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

7. gr.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ, 14. maí 2019.